

**Ed.**

**110. Frumvarp til laga**

[80. mál]

um breyting á lögum nr. 25 16. apríl 1962, um aðstoð við fatlaða.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

**1. gr.**

Í stað „kr. 3.00“ í 1. gr. 1. mgr. komi: kr. 3.50.

**2. gr.**

4. gr. orðist svo:

Sjöunda hluta af fé því, sem aflað er samkvæmt lögum þessum, skal varið til aðstoðar við blinda, en  $\frac{1}{4}$  hlutum skal varið til byggingar og rekstrar vinnustofnana fyrir fatlað fólk.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1965.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Lögin um aðstoð við fatlaða voru samin af nefnd, sem Alþingi kaus á árinu 1959, til þess að rannsaka og gera heildartillögur um lausn á atvinnumálum og félagslegum vandamálum öryrkja í landinu. Frumvarpi nefndarinnar var þó breytt nokkuð og var helzta breytingin sú, að nefndin lagði til að gjaldið skyldi renna til Sjálfshjargar — landssambands fatlaðra. Í lögnum segir hins vegar, að gjaldið renni í Styrktarsjóð fatlaðra, er vera skuli í vörzlu félagsmálaráðuneytisins. Í reglugerð um sjóðinn nr. 86 29. maí 1962 segir, að ráðuneytið ráðstafi fé sjóðsins, að fengnum tillögum Landssambands fatlaðra.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að gjald samkvæmt 1. gr., verði hækkað um sjötta part, þ. e. úr kr. 3.00 í kr. 3.50 og að þessum tekjuauka, þ. e. sjöunda hluta af heildarárstekjum sjóðsins, verði varið til aðstoðar við blinda. Blinda fólk er vissulega ekki síður fatlað, en flestir þeir, sem líða vegna annarrar fötlunar. Núgildandi lög um aðstoð við fatlaða taka í raun og veru til blindra eins og annarra fatlaðra, en tildrögin að setingu laganna, og ákvæði reglugerðarinnar um tillögurétt Landssambands fatlaðra, sem blindir eru ekki aðilar að, benda til þess, að ætlunin hafi ekki verið sú, að aðstoða blinda af þessu fé. Nauðsyn á aðstoð við þá er þó mjög brýn og er því lagt til, að þeim verði veitt aðstoð með þeim hætti, sem áður segir.

Nefnd sú, sem undirbjó núgildandi lög um aðstoð við fatlaða, gerði ráð fyrir, að árlegar tekjur af gjaldinu næmu ca. kr. 1 250 000.00. Tekjur þessar nema nú ca. kr. 1 440 000.00 á ári og mundu sennilega hækka um ca. kr. 240 000.00 vegna hækkunar á gjaldinu, úr kr. 3.00 í kr. 3.50 Þessum tekjuauka yrði þá árlega varið til aðstoðar við blinda.